

## Ráðherrar Samfylkingarinnar áberandi.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar mældust mjög mismunandi virkir sem viðmælendur í umfjöllun um þá eða þeirra ráðuneyti. Creditinfo Ísland gerir úttekt á þessari virkni reglulega og skoða þá hve oft ráðherrar birtast sem viðmælendur í ljósvakafréttum. Er þetta gert til að skoða hve sýnilegir ráðherrar eru almenningi. Mælingin kallast Ráðherrapúlsinn og eru niðurstöður birtast tvisvar á ári.

Á tímabilinu 24. maí - 31. desember 2007 mældist **Björgvin G. Sigurðsson** með mestu virknina í fréttum ljósvakamiðla en hann kom fram í yfir 50% ljósvakafréttum sem tengdust honum eða hans ráðuneyti. Fyrri hluta ársins í fyrra mældist hins vegar **Geir H. Haarde** með mestu virknina en hann mælist nú í næsta sæti með um 47% virkni sem viðmælendi. Í næstu sætum mælast síðan **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** Utanríkisráðherra, **Einar Kr. Guðfinnsson Landbúnaðar-Sjávarútvegsráðherra**, **Össur Skarphéðinsson** Iðnaðarráðherra og **Þórunn Sveinbjarnardóttir** Umhverfisráðherra. Í fyrstu 6 sætum raðast því 4 ráðherrar úr röðum Samfylkingarinnar en 2 ráðherrar úr flokki Sjálfstæðismanna.

Einar Kr. Guðfinnsson hefur frá upphafi síns ráðherraferils mælist í fyrsta til öðru sæti meðal virkustu ráðherra sem viðmælenda í fréttum en hann fellur nú í 4.sæti. Þá hefur umhverfisráðherra ávallt mælist með neðstu sætunum þar til nú þegar Þórunn Sveinbjarnardóttir mælist í 6.sæti.

Tafla sýnir tíðni heildarumfjöllunar í ljósvakafréttum, skipt eftir tíðni ráðherra sem viðmælenda eða ekki.

Ráðuneyti	Ráðherra	Heildar-umfjöllun	Tíðni ráðherra sem viðmælenda	Ekki viðmælendi	Virkni þátttakenda
Viðskiptaráðuneytið	Björgvin G. Sigurðsson	152	77	75	50,66%
Forsætisráðuneytið	Geir H. Haarde	324	153	171	47,22%
Utanríkisráðuneytið	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir	387	158	229	40,83%
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Einar Kristinn Guðfinnsson	191	73	118	38,22%
Iðnaðarráðuneytið	Össur Skarphéðinsson	272	101	171	37,13%
Umhverfisráðuneytið	Þórunn Sveinbjarnardóttir	145	52	93	35,86%
Menntamálaráðuneytið	Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	129	44	85	34,11%
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	Jóhanna Sigurðardóttir	225	73	152	32,44%
Heilbrigðismamálaráðuneytið	Guðlaugur Þór Þórðarson	200	59	141	29,50%
Samgönguráðuneytið	Kristján L. Möller	250	66	184	26,40%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Björn Bjarnason	186	41	145	22,04%
Fjármálaráðuneytið	Árni M. Mathiesen	248	54	194	21,77%

## Um ráðherrapúlsinn

Virkni ráðherra sem viðmælendur í fréttum er mæld með því að skoða hlutdeild þeirra í ljósvakafréttum sem fjalla um þá eða þeirra ráðuneyti. Ráðherrarnir eru aðeins mældir sem viðmælendur í ljósvakafréttum þar sem ljósvakafréttir endurspeglar betur en dagblaðaeftir meginviðfangsefni umfjöllunar. Ráðuneyti og málefni þeirra geta t.d. oft verið nefnd á nafn í dagblaðagrein án þess að meginviðfangsefni greinarinnar fjalli um ráðuneytið að öðru leyti.